

Fundarnúmer:	84
Dagsetning:	26.02.2008
Tími:	13:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

84. Fundur.

Þriðjudaginn 26. Febrúar 2008 kl. 13:00 kom landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 84. Fundar í fundarsal Ráðhússins á Hvammstangabraut 5. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Samantekt SSNV um kostnað sveitarfélaga á Norðurlandi vestra vegna refa- og minkaveiða 2004-2006.
2. Endurgreiðslur vegna refa- og minkaveiða 01.09.2006-31.08.2007.
3. Bréf Landgræðslu ríkisins um héraðsáætlanir.
4. Upplýsingar um þátttöku í könnun um þrífösun rafmagns.
5. Bréf Vilhjálms Péturssonar um lausagöngu graðhesta.

Afgreiðslur:

1. Ráðið fagnar þessari samantekt. Þar sem Húnaþing vestra tók upp nýtt fyrirkomulag 2007 svipað og Skagfirðingar, þá er erfitt að bera þetta saman kostnaðarlega. Ráðið styður heilshugar að ríkið komi meira að þessum kostnaði.
2. Lagt fram bréf frá Umhverfisstofnun um endurgreiðslu refa- og minkaveiða í Húnaþingi vestra. Endurgreiðsla á mink fyrir tímabilið 01.09.2006-31.08.2007 er 482.106,- og á ref er 439.800,-.
3. Kynnt bréf Landgræðslu ríkisins um héraðsáætlanir. Markmið með gerð þeirra er að leggja mat á núverandi ástand gróðurs í hverju héraði. Ráðið fagnar þeirri vinnu.
4. Kynnt samantekt vegna könnunar á þörf fyrir 3ja fasa rafmagn. Það voru tæp 78,9% svarenda sem töldu að mjög brýnt væri að fá 3ja fasa rafmagn og tæp 21% sem töldu það mjög mikilvægt.
5. Tekið fyrir bréf frá Vilhjálmi Péturssyni vegna lausagöngu graðhesta. Landbúnaðarráð Húnaþings vestra telur mjög brýnt að verði settar verklagsreglur um lausagöngu graðhesta og þær reglur verði fullmótaðar fyrir vorið. Ráðið felur Sigtryggi og Erni Óla að gera drög að verklagsreglum fyrir næsta fund ráðsins sem er fyrirhugaður 25. mars.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 14:40.
Pórarinn Óli Rafnsson(sign.), Örn Óli Andrésson(sign.),
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).